



VINNUHÓPUR ÍSÍ UM GÓÐA STJÓRNARHÆTTI

Viðauki IV - aðrar tillögur

Við vinnu vinnuhópsins við móttun viðmiða um góða stjórnarhætti kom ýmislegt í ljós sem mætti bæta eða skýra með tilliti til góðra stjórnarháttanna. Því setti hópurinn fram tillögur til framkvæmdastjórnar með það að markmiði að stuðla að enn betri stjórnarháttum innan ÍSÍ. Nánari upplýsingar um tilgang tillagnanna má finna í sjálfum viðmiðunum.

Jafnframt var gerður samanburður á lögum ÍSÍ og grunnreglum Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) um góða stjórnarhætti. ÍSÍ stóð nokkuð vel í þeim samanburði, en hluti tillagnanna byggir þó á þeim greiningum og ábendingum sem leiddi af þeirri vinnu.

Eftirfarandi eru tillögur vinnuhópsins til framkvæmdastjórnar aðrar en lagabreytingar sem settar eru fram í sér skjali.

- Að breytingar verði gerðar á þingsköpum ÍSÍ og í þeim komi fram að þau skuli endurskoðuð á minnst 4 ára fresti og að breytingar á þeim skuli hljóta staðfestingu Íþróttapings.
- Að framkvæmdastjórn endurskoði starfsreglur sínar og tryggi að í þeim sé umfjöllun um eftirfarandi atriði:
 - Skipan og hlutverk framkvæmdastjórnar
 - Skiptingu starfa innan framkvæmdastjórnar
 - Hlutverk og verksvið framkvæmdastjórnar og einstaka embætta
 - Hlutverk framkvæmdastjóra
 - Fyrirsvar framkvæmdastjórnar
 - Skyldur framkvæmdastjórnar
 - Boðun funda
 - Ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur
 - Fyrirspurnir stjórnarmanna og samskipti milli stjórnarfunda
 - Fundargerðir og trúnaðarbók
 - Þagnar- og trúnaðarskyldu
 - Hagsmunatengsl og hæfi
 - Upplýsingagjöf
 - Undirritun ársreiknings ÍSÍ
 - Birting fundargerða (aðgengilegar eigi síðar en 7 dögum eftir fund)
 - Breytingar á starfsreglum framkvæmdastjórnar
- Að ÍSÍ skoði með hvað hætti er hægt að fræða og hvetja einstaklinga með ólíkan bakgrunn til stjórnarsetu. Lagt er til að skrifstofu ÍSÍ verði falið að útfæra með hvaða hætti þetta gæti verið framkvæmt.





- Að ÍSí vinni leiðbeiningar um hvert og hvernig skuli tilkynna um hvers kyns ofbeldi, áreitni, einelti eða önnur sambærileg atvik. Unnar verði málsmeðferðarreglur um meðferð slíkra mála sem samræmast viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs. Hvatt er til þess að verkefnið fái forgang og því verði lokið með markvissum hætti sem fyrst.
- Að ÍSí endurskoði siðareglur. Sérstaklega skal skoða hvort koma eigi á fót siðanefnd og tengja viðurlög við brot á reglunum. Æskilegt er að í þeim komi fram hvernig megi tilkynna brot á siðareglum, hvernig málsmeðferð slíkra mála er háttað og hvaða afleiðingar brot á þeim kunna að hafa.
- Að innleitt verði tilkynningakerfi (whistleblower) varðandi öll brot á regluverki sambandsins.
- Að framkvæmdastjórn setji upp verklag varðandi endurskoðun útgefins efnis (lög, reglugerðir, stefnur, fræðsla o.s.frv.)
- Að eftirfarandi stefnur verði innleiddar:
 - Sjálfbærnistefna
 - Stefna gegn spillingu
 - Stefna um ekkert umburðarlyndi (zero tolerance) gegn hagræðingu úrslita
- Innleidd verði skýr viðurlög við brotum á stefnu gegn hagræðingu úrslita.
- Að unnin verði innleiðingaráætlun fyrir nýja stjórnarmenn til að tryggja að þeir séu vel upplýstir um störf framkvæmdastjórnar og hvernig þau ganga fyrir sig.
- Að framkvæmdastjórn setji reglur/reglugerðir um
 - um framboð og kosningaherferðir
 - um ferðalög og dagpeninga
 - um samningastjórnun
 - um verndun íþróttafólks
 - um innra eftirlit og áhættustjórnun

